

Nd.

632. Nefndarálit

[223. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Í frv. felst heimild til þess að hækka hámarkslán Húsnæðismálastofnunar úr 600 000 kr. í 800 000 kr. og að veita megi lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, sem nemi allt að 80% af byggingarkostnaði, út á allt að 1000 íbúðir á næstu 5 árum.

Þessar heimildir eru til bóta frá því, sem nú er. Heimildirnar eru þó ekki nægilegar til þess, að af framkvæmdum verði. Til framkvæmda þarf fjármagn. Á það er ekki minnst í þessu frv. né greinargerð þess.

Meðlimum húsnæðismálastjórnar er þessi staðreynd hins vegar ljós, og er bent á hana í öllum þeim þrem umsögnum, sem bárust frá þessum aðilum. Þar er bent á, að sjóðinn vanti a. m. k. 550 millj. kr. til þess að geta fullnægt lánþörf þeirra, sem nú byggja, ríkisstjórnin hafi ekki enn útvegað fé til þessara þarfa, hvað þá til þess, að hægt verði að nota heimildir skv. þessu frv. Af þessum sökum tala því meðlimir húsnæðismálastjórnar um „sýndarmennsku“ og „daudan bókstaf“ í þessu sambandi. Eru umsagnir húsnæðismálastjórnar prentaðar sem fylgiskjal, þingmönnum til fróðleiks.

Í von um, að ríkisstjórninni takist að afla með heilbrigðum hætti fjár til þess að fullnægja þörfum húsbýggjenda, legg ég til, að heimildir þær, sem gert er ráð fyrir í frv., verði veittar.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Gylfi Þ. Gíslason.

Fylgiskjal.

HÚSNÆÐISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Reykjavík, 9. apríl 1973.

Félagsmálanefnd neðri deildar,

hr. alþm. Stefán Valgeirsson,

Alþingi.

Hér með sendist yður umsögn húsnæðismálastjórnar um frumvarp til breytinga á l. 30/1970.

Húsnæðismálastjórn var ekki sammála í öllum atriðum um umsögn um frumvarpið og sendast yður því þær umsagnir, sem fram komu.

Virðingarfyllst,
Skúli Sigurðsson.

Háttvirt félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dagsettu 6. apríl, óskað umsagnar húsnæðismálastjórnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Umsagnar er óskað fyrir 9. apríl, og vinnst því ekki tími til að samræma sjónarmið stjórnarmanna til þessara mála.

Við undirritaðir fulltrúar í húsnæðismálastjórn viljum þó láta í ljós okkar álit á frumvarpinu með eftirfarandi athugasemdum:

Húsnæðismálastjórn hefur þegar samþykkt, með samþykki ráðherra, hámark lána á þessu ári og látið í ljós það álit sitt, að æskilegt sé að breyta lánsupphæð til nýrra íbúða árlega til samræmis við byggingarkostnað, og fögnum við því, ef þessi atriði verða nú sett í lög, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Okkur, sem störfum í húsnæðismálastjórn er vel kunnugt um þá brýnu þörf, sem er á því að byggja leiguíbúðir í flestum kaupstöðum og sjávarþorpum um allt land, og fögnum því ákvæði frumvarpsins um að heimila að veita sveitarfélögum lán allt að 80% af byggingarkostnaði slíkra íbúða, eins og lagt er til í frumvarpinu.

En um leið og við lýsum ánægju okkar með ákvæði þessa frumvarps, viljum við vekja athygli háttv. félagsmálanefndar og allra alþingismanna á því, að samkvæmt áætlun um tekjur og gjöld Byggingarsjóðs ríkisins á þessu ári vantar sjóðinn að minnsta kosti 550 milljónir króna til þess að geta fullnægt lánþörf þeirra, sem nú eru að byggja. Slík lagasetning sem þessi verður því dauður bókstafur, nema sjóðnum um verði séð fyrir nýjum tekjustofnum til að mæta þessu viðamikla verkefni, sem frumv. gerir ráð fyrir. Er því ekki raunhæft að ætla sjóðnum að sinna nýjum verkefnum nema sjá honum um leið fyrir nýjum tekjustofnum.

Þessi fjárhagsstaða Byggingarsjóðs hefur þegar verið kynnt hæstv. félagsmálaráðherra, ásamt nokkrum hugmyndum einstakra fulltrúa í húsnæðismálastjórn um leiðir til tekjuöflunar, og teljum við því ekki ástæðu til að fara frekar inn á þau atriði í umsögn okkar um frumvarp það, sem hér liggur fyrir.

Sigurður Guðgeirsson. Jón H. Guðmundsson. Þráinn Valdimarsson.
Ólafur Jónsson. Haukur Vigfússon.

Vegna beiðni háttvirtrar félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis um umsögn húsnæðismálastjórnar um frv. til breytinga á l. nr. 30 12. maí 1970, mál nr. 223, vilja undirritaðir fulltrúar í húsnæðismálastjórn taka fram:

Húsnæðismálastjórn hefur nýverið gefið háttvirtri félagsmálanefnd Alþingis umsögn varðandi þingsályktunartillögu um hækkun úr 600 þús. í 900 þús. á hverja íbúð.

Meiri hluti húsnæðismálastjórnar mælti ekki með þeirri hækkun, en lagði til, að lánsupphæðin yrði ákveðin kr. 800 þús., en minni hlutinn mælti með tillögunni um hámarkslán kr. 900 þús.

Báðir aðilar færðu rök fyrir sínu máli, og sjáum við því ekki ástæðu til að endurtaka þá röksemdafærslu.

Við teljum það til bóta, eins og um getur í framlögðu frumvarpi, að heimilt sé að breyta lánsfjárhæð árlega í samræmi við breytingar á visitölu byggingarkostnaðar, þegar tekið er tillit til þeirra miklu hækkana, sem orðið hafa á visitölum og öllum húsnæðiskostnaði upp á síðkastið, og teljum því rétt, að þetta ákvæði verði samþykkt.

Varðandi 2. málsgrein 1. greinar frumvarpsins viljum við benda á eftirfarandi:

Á síðasta Alþingi var samþykkt þingsályktunartillaga, þar sem ríkisstjórninni er falið „að gera hið fyrsta ráðstafanir til þess að bæta úr þeim alvarlega skorti á leiguhúsnæði, sem ríkjandi er í flestum þorpum og kaupstöðum landsins“.

Í annarri grein þessarar þingsályktunartillögu segir: „Að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um útvegum fjármagns og útlán þess til sveitarfélaga og annarra þeirra aðila, sem byggja vilja leiguíbúðir, þannig að þeim sé gert fjárhagslega kleift að byggja og reka leiguhúsnæði, þar sem þess er þörf. Skal þess gætt, að þessi sérstaka fjármagnsútvegum dragi ekki úr öflun lánsfjár til byggingar eigin íbúðarhúsnæðis“.

Við getum ekki séð, að framlagt frumvarp sé í samræmi við þessa þingsályktun, sem vitnað er til og samþykkt var.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því í þingsályktuninni, að útvegað verði fjármagn til þessara nýju lána, en eins og húsnæðismálastjórn hefur gert háttvirtum félagsmálaráðherra kunnugt, telur stjórnin, að Byggingarsjóð muni vanta á þessu ári allt að 700 milljónir króna til að geta veitt svipaða fyrirgreiðslu varðandi lánveitingar og var á s. l. ári. Er því að okkar álit með öllu útilokað, að Byggingarsjóður geti með nokkru móti tekið á sig meiri kvaðir en nú er, nema dregið verði þá úr lánveitingum til annarra íbúðarhúsnæðisbygginga, svo sem byggingar eigin íbúðarhúsnæðis, verkamannabústaða o. fl.

Í öðru lagi er ætlazt til þess í þingsályktuninni, að heimilt sé að veita fleiri aðilum en sveitarfélögum þessa fyrirgreiðslu, og teljum við það sjálfsagt. Það hefur margsinnis komið fram hjá ýmsum atvinnurekendum úti á landi, ekki sízt í sjávarútvegi, að þeir hafi talið sig nauðsynlega þurfa að hafa aðstöðu til að byggja leiguhúsnæði fyrir starfsfólk sitt, og væri það forsenda fyrir því, að þeir gætu fengið fólk til vinnu við framleiðsluna.

Teljum við því rétt, að þessi fyrirgreiðsla nái til fleiri aðila en sveitarfélaga og það muni tvímælalaust styrkja atvinnuuppbyggingu og framleiðslu á hinum ýmsu stöðum.

Við teljum því, að þetta frumvarp þurfi verulegra breytinga við, eigi það að koma að tiltæluðu gagni.

Ólafur Jensson.

Gunnar Helgason.

Hæstvirt félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 6. apríl 1973, sent húsnæðismálastjórn ríkisins til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30 12. maí 1970, um húsnæðismálastofnun ríkisins, þskj. 223. Í frumvarpi þessu eru tvær nýjar breytingar frá gildandi lögum.

1. Að hámarkslán skuli vera kr. 800 þús. í stað 600 þús.

2. Að sveitarfélög utan Reykjavíkursvæðisins skuli á næstu 5 árum hafa rétt til að fá íbúðarlán til byggingar leiguíbúða fyrir allt að 1000 íbúðum, 80% af kostnaðarverði frá Byggingarsjóði til allt að 33 ára.

Varðandi þessi atriði viljum vér taka fram eftirfarandi:

1. Miðað við væntanlegan byggingarkostnað á árinu 1973 teljum vér, að hámarkslán til íbúðabygginga á árinu 1973 megi ekki vera lægri en kr. 900 þús. pr. íbúð. Sú upphæð mun aldrei verða meira en rúm 30% af kostnaðarverði meðalíbúðar, eins og það mun reynast árið 1973.

2. Lán til leiguíbúða, er sveitarfélög byggja utan Reykjavíkursvæðis, er ákveðið að megi vera allt að 80% af kostnaðarverði til 1000 íbúða á næstu 5 árum.

Þetta ákvæði álitum vér réttmætt til jöfnunar við Breiðholtsframkvæmdirnar, þar sem 1250 íbúðir á atvinnusvæði Reykjavíkur hafa notið slíkra kjara. eða koma til með að fá þau kjör. Vér mælum því með þeim lið á þskj. 223. Vér viljum hins vegar benda á, að slíkt hámarkslán til 1000 íbúða á næstu 5 árum er aðeins til að leiðrétta þann ójöfnuð, sem byggðirnar utan Reykjavíkur hafa sætt.

Með tilliti til þess viljum vér ekki láta hjá líða að benda á, að ef eitthvað er hugsað um að stöðva flóttann frá hinum dreifðu byggðum, þá þyrfti slíkt hámarks-

lán að ná til allra íbúða, sem byggðar væru utan Reykjavíkursvæðisins á næstu 5 árum. Einstaklingar þurfa að fá þennan lánsrétt líka, ekki síður en sveitarfélögin, og viljum vér í því sambandi benda á frumvarp Þorvalds Garðars Kristjánssonar á þskj. 228, sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi.

Að lokum viljum við benda á það, að það er lítils virði að ákveða hámarkslán til þessarar eða hinnar framkvæmdarinnar, en hafa enga tilburði uppi um það að sjá um fjármögnun til framkvæmdanna. Vér skorum því á háttvirta félagsmálanefnd að gera tillögur til Alþingis varðandi aukna fjáröflun, sem nemi allt að 550 millj. kr. á þessu ári. Sé það ekki gert, eru allar samþykktir um hækkun lána sýndarmennskan ein og kemur að takmörkuðu gagni.

Tillögur um aukna fjáröflun liggja fyrir bæði hjá hæstvirtum félagsmálaráðherra og ýmsum meðlimum félagsmálanefndar Alþingis.

Hannes Pálsson.